



**Viðtakandi** Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

**Sendandi:** Vestmannaeyjabæjar

**Dagsetning:** 26. október 2023

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 – 2028, mál nr. 315.

Bæjarráð Vestmannaeyjar tekur undir markmið og áherslur sem lagðar eru fram í drögum að samgönguáætlun en þar kemur fram að samgöngur eigi að vera greiðar, öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar auk þess að þær stuðli að jákvæðri byggðapróun.

Við yfirferð Vestmannaeyjabæjar var horft til næstu fimm ára.

### Göng til Eyja

Vestmannaeyjabær er ánægður með að tillit hafi verið tekið til athugasemda varðandi stöðu á vinnu um fýsileika ganga milli lands og Eyja. Starfshópurinn sem var skipaður af innviðaráðherra er að störfum og til því eðlilegt að þess sé getið í áætluninni.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er hafnabótasjóðurinn með áætlanir til 5 ára.

### Landeyjahöfn

Mikilvægt er að halda áfram að bæta Landeyjahöfn, úttekt á höfninni er ekki lokið og ekki er í drögunum nema lágar fjárhæðir til þess að rannsaka og bæta höfnina og umhverfi hennar á næstu árum. Það þarf að ljúka seinni hluta úttektar sem er mjög kostnaðarsöm. Fjármunir þeir sem eru á áætlun eru á seinni hluta tímabils og hugsaðir fyrir umhverfið og aðkomu en ekki breytingu á höfninni sjálfri. Næstu 5 árin er fjárhæðin mjög lág sem er sett í Landeyjahöfn. Vegagerðin og ríkið þarf að tryggja með öllum ráðum betri nýtingu svo um sé að ræða heilsárs höfn eins og var lagt af stað með í upphafi.

### Framkvæmdir við vita, hafnir og ferjur

	2024	2025	2026	2027	2028
Landeyjahöfn	30	23	14	10	10

Vegagerðin þarf að tryggja að afleysinga skip sé til í landinu og aðgengilegt ef að eitthvað óvænt gerist varðandi Herjólf IV og hann getur ekki verið í rekstri. Samgöngur við Eyjar eru eingöngu á sjó þessi misserin og er Herjólfur lífæð samfélagsins. Ábyrgð Vegagerðar fyrir hönd ríkisins er að tryggja samgöngur til og frá Vestmannaeyjum. Þess vegna þarf að gera ráð fyrir að hönnun á nýsmíði eigi sér stað á fyrri hluta samgönguáætlunar og að nýsmíði fari fram á seinni hluta samgönguáætlunar.

Aukin heldur þarf hönnun nýrrar Breiðarfjarðarferju að vera með þeim hætti að ferjan geti siglt til og frá Vestmannaeyjum allan ársins hring.

## Flugvöllur

Mikilvægt er að tryggja ríkisstyrkt flug til Vestmannaeyja eins og rætt hefur verið um. Vegagerðin og innviðaráðuneytið hafa verið að skoða og unnið að undirbúningi. Flugvöllurinn gegnir mikilvægu hlutverki þar sem vel yfir 100 sjúkraflugsferðir voru farnar til Vestmannaeyja á árinu og ljóst að flugvöllurinn gegnir lykilhlutverki varðandi öryggi íbúa Vestmannaeyja. Búið er að gera áttak í að laga yfirborð flugvallarins og löngu er orðið tímabært að huga að byggingum og búnaði. Það er ánægjulegt að haldið sé af stað í það verkefni.

Vestmannaeyjaflugvöllur	2024	2025	2026	2027	2028
Yfirborðsviðhald flugbrauta og hlaða					
Byggingar og búnaður	65	3		50	
Ýmis leiðsögu- og ljósabúnaður og leiðr. frávika		17		85	14

## Vestmannaeyjahöfn

Sökum mikilla umsvifa í samfélaginu og uppbyggingu á landeldi er þörf á endurbótum og er verkefnið fjórþætt. Fleiri lengdarmetra af viðleguköntum, bæta aðkomu til að tryggja móttöku stærri flutningaskipa, uppbyggingu á hafnarsvæði Herjólfss og stærra athafnasvæði.

Vestmannaeyjahöfn (tafla 9)	2024	2025	2026	2027	2028
Nausthamarsbryggja lenging	9,7	24,2	67,7		
Hörgaeyrargarður, stytting og dýpkun	48,4	200,3	207,1		
Ferjubryggja, ný ferjuaðstaða			48,4	72,6	102,8
Nýr Lóðsbátur	-	-	-	-	-
Gjábakki/Kleifar endurnýjun	-	-	-	-	-
Stórskipakantur	-	-	-	-	-

- Lenging á viðlegukanti á Nausthamarsbryggju er hluti af þeirri þörf sem hefur skapast á undanförunum árum en samkvæmt greiningu sem EFLA gerði fyrir Vestmannaeyjahöfn fyrir á þessu ári er lengingin vanmat því þörfin er enn meiri þegar horft er til framtíðar.
- Ekki er gert ráð fyrir fjármagni í samgönguáætlun á fyrsta tímabilinu 2024-2028 til að mæta áskorunum Vestmannaeyjahafnar hvað varðar móttöku stórra flutningaskipa. Til þess að hægt sé að taka inn stærri skip en er mögulegt í dag að þá þarf að endurnýja lóðsbát hafnarinnar og hefja hönnun og byggingu á stórskipakanti. Það er ljóst að bregðast þarf við til að mæta auknum umsvifum enda Vestmannaeyjahöfn með stærstu útflutningshöfnum landsins. Það er því mikilvægt að hægt sé að sinna flutningum til og frá Vestmannaeyjum með hagkvæmum og umhverfisvænum hætti.

- Á seinni hluta samgönguáætlunar er gert ráð fyrir uppbyggingu á ferjuaðstöðu sem er brýn framkvæmd sem þarf að huga að strax á árinu 2024. Skipting á hlutfalli kostnaðar er 75/25 en þar sem viðlegukantur er eingöngu notaður fyrir Herjólf og er hluti af þjóðveginum teljum við að hlutfallið eigi að vera annað. Það að hafnarsjóður eigi að greiða 25% í framkvæmd sem nýtist okkur ekki nema í móttöku Herjólfis er óviðunandi.

Einnig er ánægjulegt að það sé gert ráð fyrir nýrri ekjubrú árið 2025-2027 sem er orðin aðkallandi fyrir samgöngur til Vestmannaeyja. Þetta verk þarf að vera unnið frá september til apríl og því ekki hægt að deila fjármagninu á þrjú ár. Sjá töflu 11 Ábending á bls. 100 stendur ferjurampur en á líklega að vera ferjubryggja.

#### Vestmannaeyjahöfn (tafla 11)

	2025	2026	2027	Samtals
Ferjubryggja, nýja ferjuaðstaða (ekjubrú Herjólfis)	16,1	24,2	34,3	74,6

- Horfa þarf til framtíðar í samstarfi við hlutaðeigandi um landfyllingu við Eiðið fyrir gámasvæði og aðra starfsemi. Flutningur í gámum hefur aukist mikið á undanförunum árum og að mati EFLU má búast við að þörfin fyrir svæði undir gá mavöllum og farma geti tvöfaldast á komandi áratugum. Landrými fyrir haftengda starfsemi er af skorum skammti á Heimaey. Mun sveitarfélagið taka það mál upp við Innviðaráðuneytið.

Vestmannaeyjabær óskar eftir því að horft sé til framtíðar og tryggt verði fjármagn til að hægt sé að viðhalda þeirri blómlegu hafnarstarfsemi sem hefur verið í Vestmannaeyjahöfn síðustu áratugina.

Vestmannaeyjabær óskar eftir því að fá að fylgja umsögninni eftir við nefndina.

  
F.h. Vestmannaeyjabæjar

